



## 404. Stjórnarfundur haldinn 24. jan. 2013 kl:17:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK),  
Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA),  
Guðjón Axelsson (GA) og Bjarney S. Snævarsdóttir (BS).

### 1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

### 2. Innkominn bréf.

Engin.

### 3. Send bréf.

Engin.

### 4. Aðalfundir deilda og félagsins.

Aðalfundir deilda eru byrjaðir. Badmintondeild er búin að halda sinn aðalfund og formaður sjálfkjörinn. Aðeins einn varamaður í stjórninni. Taekwondo er með sinn aðalfund í kvöld og formaður skjálfkjörinn. Skotdeildin er með sinn aðalfund á laugardag og er formaður sjálfkjörinn. Aðrir fundir í næstu viku.

### 5. Félagshemili Keflavíkur.

Bikaraskápurinn er komin upp og glæsilegur á að líta. Myndir verða settar upp fljótlega. Aðalstjórn færir þeim aðilum sem stóðu að uppsetningu og frágangs á bikaraskáp í anddyri íþróttahússins, þakklæti sitt.

### 6. Reglugerð íþróttamaður Keflavíkur.

Reglugerð um hvernig staðið er að vali á íþróttamanni Keflavíkur verður kynnt á aðalfundi félagsins.

### 7. Önnur mál.

Þorrablót Keflavíkur var haldið 12. janúar og sóttu yfir fimmhundruð manns blótið. Glæsilegt þorrablót, undirbúningur sem og framkvæmd er þeim sem að komu til mikils sóma.

Tilkynning um íþróttaslys frá fimleikadeild lá fyrir fundinum. *Slysaskýrslan móttekin.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:20

Fundinn ritaði SG

